

Fundargerð

Annar fundur samstarfshóps vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Teigarhorn

haldinn í gegnum Teams þann 17. febrúar 2022, kl. 11:00-12:00

Fundarmenn:

Lára Björnsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Þórdís Björt Sigbórsdóttir, fulltrúi frá Umhverfisstofnun
Kristján Ingimarsson, fulltrúi Múlapings

Markmið fundar

Fara yfir hagsmunaaðilagreiningu – staðfesta hana og senda svo í kjölfarið út upplýsingar á samráðsaðila að hagsmunaaðilagreining sé birt á heimasíðu.

Dagskrá

Hópurinn vann saman að hagsmunaaðilagreiningu og ræddi sérstaklega hjólreiðar en eins og staðan er í dag þá er stefnt að því að hjólreiðar séu heimilar á göngustígum. Eins var rætt skógrækt inn á svæðinu og stefnu varðandi það. Samstarfshópur stefnir á að funda sérstaklega með Skógræktinni varðandi stefnu með skógrækt. Eins var fjallað um mikilvægi þess að funda sérstaklega með þeim aðila sem nýtjar æðadúninn á svæðinu og minjavörð svæðisins. Þá verður óskað eftir upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um jarðminjar á svæðinu.

Samstarfshópur stefnir á opinn kynningarfund/íbúafund í vor þar sem umræður verða um ólíka þætti um svæðið.

Næstu skref:

- 1) Þórdís ber ábyrgð á að setja hagsmunaaðilagreiningu inn á heimasvæði vinnslu áætlunarinnar, Þórdís og Lára setja upp netfangalista og senda upplýsingar á samráðsaðila hvar greininguna er að finna og að vinna sé hafin.
- 2) Sendum fundarboð á þá aðila sem skal funda sérstaklega með.
- 3) Þórdís og Lára vinna að 1. og 2. kafla áætlunarinnar og senda í rýni á Kristján fyrir næsta samstarfshópsfund 10. mars